

Arctic Smolt hf.
Aðalstræti 20
400 Ísafirði

Reykjavík, 1. október 2021
UST202103-129/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 16.08.21 hjá Arctic Smolt hf.

Þann 16. ágúst sl. fór fram eftirlit í seiðaeldisstöð Arctic Smolt, Tálknafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var gerð í eftirlitinu er varðar loftun frá sýruskápum en sex frávik komu fram er varða:

- 1. gr. 3.4 og 4.4 í starfsleyfi.** Skráningum á losun næringarefna er ábótavant og því ekki ljóst hvort rekstraraðili starfar innan marka starfsleyfis sem snýr að losun fosfórs, en hámark leyfis er 9 kg P/ framleitt tonn.
- 2. gr. 3.5 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal tryggja virkni hreinsibúnaðar. Settjörn skal hreinsuð á a.m.k. 3. ára fresti og átti fyrsta hreinsun að fara fram fyrir 15. maí 2020. Settankar sem taka við fastefni eftir tromlusíun eru fullir og eru ummerki við yfirfall um að ekki sé um fullavirkni búnaðar að ræða. Settankur/settjörn hefur ekki verið tæmt frá því að starfsleyfi tók gildi 2019.
- 3. gr. 3.11 í starfsleyfi og gr. 41 og 43. í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.** Við neyslu- og lausageyma skulu tryggðar öruggar mengunar-, árekstrar-, eld- og slysavarnir. Sé nauðsynlegt að færa lausageymi til innan athafnasvæðis skal það gert með öruggum hætti.
- 4. gr. 3.11 og 3.12 í starfsleyfi og 12. gr. efnalaga nr. 61/2013.** Rekstraraðili skal við geymslu efna sýna fyrirbyggju og varkárni til að fyrirbyggja skaða á heilsu og umhverfi og takmarka mengunarhættu eins og kostur er. Ganga skal þannig frá eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hættu að því að þau berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Formalín tunnur eru í geymdar í rými með niðurfalli án fullnægjandi lekavarna. (Smur)olíubrúsar voru á lóð.
- 5. gr. 4.4 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal fyrir 1. maí ár hvert skila ársyfirliti sem tekur til skráninga og niðurstaða mælinga vegna undangengins árs. Niðurstöður mælinga sem skilað var eru ekki með mælieiningar og því er ekki litið á skilin sem fullnægjandi skil niðurstaða.
- 6. gr. 5.1 í starfsleyfi.** Vöktunaráætlun skal taka til vöktunar á dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar. Vöktun skal einnig innihalda mat á umhverfisástandi sjávarbotns. Í vöktunaráætlun rekstraraðila er ekki fjallað um ofangreint.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 25. október 2021

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur